



XVIII. þing Félags íslenskra lyflækna

6.-8. júní 2008 á Hótel Selfossi

Dagskrá XVIII. þings Félags íslenskra lyflækna verður fjölbreytt og ætti því að höfða til breiðs hóps lyflækna. Meginþemu þingsins verða blóðsjúkdómar og krabbamein. Að venju verður kynning vísindarannsókna stór þáttur og er frestur til að skila ágripum til 15. apríl. Ágrip sendist framkvæmdastjóra þingsins: birna@birna.is

Helstu efnisatriði þingsins

- Málþing um blóðsjúkdóma sem tileinkað er minningu lækna Jónhönnu Björnsdóttur og Guðmundar M. Jóhannessonar. Meðal fyrirlesara verður dr. Cynthia Dunbar frá National Institutes of Health í Bandaríkjunum, einn af aðalritstjórum tímaritsins Blood. Mun erindi hennar fjalla um genalækningar. Þá munu innlendir fyrirlesarar stikla á stóru í sögu blóðlækninga og fara yfir helstu nýjungar sem komið hafa fram innan greinarinnar á síðustu árum.
- Fjallað verður um nýjungar í meðferð krabbameina og verður meðal annars tekist á um notagildi nýrra og dýrra lyfja.
- Fyrirlestur verður fluttur um áhættumat við meðferð hjarta- og æðasjúkdóma, með áherslu á notkun statínlyfja.
- Þá verður kastljósinu beint að lifrarlækningum og mun dr. Arthur McCulloch, forseti Amerísku lifrarlækningasamtakanna og yfirlæknir meltingar- og lifrarlækninga á Cleveland Clinic í Bandaríkjunum, flytja erindi um þessa „nýju“ sérgrein innan lyflækninga. Auk þess mun hann flytja fyrirlestur um fitulifur af völdum annarra orsaka en áfengis (non-alcoholic fatty liver disease).
- Málþing um stöðu og framtíð almennra lyflækninga í Reykjavík og á landsbyggðinni verður ennfremur á dagskrá.

Ungir læknar í framhaldsnámi

Í tengslum við þingið verður sérstök dagskrá sem beinist að ungum læknum er stunda framhaldsnám í lyflækningum. Flutt verða yfirlitserindi um áhugaverð og hagnýt efni. Einnig munu deildarlæknar kynna valin sjúkratilfelli sem verða krufin til mergjar. Loks munu deildarlæknarnir Jónas Geir Einarsson og Ragnar Freyr Ingvarsson greina frá þátttöku sinni í Evrópska lyflæknaskólanum (European School of Internal Medicine) í september síðastliðnum og kynna starfshóp ungra lækna innan Evrópusamtaka lyflækna.

Skipulagning, skráning og skilafrestur

Menningarfylgd Birnu ehf. annast skipulagningu þingsins. Allar nánari upplýsingar um þingið, þáttökugjald verð á gistingu, svo og bókanir í gistingu og skráning eru á heimasíðunni: www.birna.is

Skilafrestur ágripa: 15. apríl.

Bókanir í gistingu: 1. maí.

Skráning á þingið: 1. júní.

Menningarfylgd Birnu ehf.

Sími: 862 8031